


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2001.

Varðar: **Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229. mál, Heyrnar- og talmeinstöð.**

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni telur að ef þetta frumvarp verður að lögum þá skapist möguleikar á að stytta biðlista eftir heyrnartækjum, þar eð ráðherra hefur heimild til að veita öðrum rekstrarleyfi. Stjórn FEB telur þó að forsenda fyrir áframhaldandi góðri þjónustu sé að TR taki jafnan þátt í kostnaði við heyrnartæki hjá viðkomandi rekstraraðila og hjá Heyrnar- og talmeinstöð, því annars eru það eingöngu efnameiri manneskjur sem geta farið framhjá biðlistum með því að kosta sín tæki sjálf.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni



Ólafur Ólafsson, formaður